



Mennta- og barnamálaráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 101/2022

Reykjavík 7. júlí 2022

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um endurskoðun undanþágukafla aðalnámskrár grunnskóla.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

**Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um endurskoðun undanþágukafla
aðalnámskrár grunnskóla.**

Barnaheill fagna því að réttur allra barna til skólagöngu sé áréttaður í endurskoðuðum 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla og að vísað sé sérstaklega til Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna þeim rétti til rökstuðnings.

Samtökin vilja áréttá að ef sveitarfélag semur við annað sveitarfélag um að veita barni skólavist þarf að vera skýrt hver fer með ábyrgð á að barni sé veitt skólavist svo eftirfylgnin með hagsmunum barnsins sé ljós.

Í kaflanum er minnst á þátt foreldra í grunnskólagöngu barna sinna. Fram kemur að foreldrar skuli fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna sem og í skólastarfinu almennt. Barnaheill vilja vekja athygli á því að það hafa ekki allir foreldrar forsendur til að geta tekið þátt í námi barna sinna af ýmsum ástæðum, m.a. vegna mismunandi menningarbakgrunns, menntunar og fleira. Mikilvægt er að mati samtakanna að ekki sé stuðlað að mismunun á börnum út frá stöðu foreldra þeirra og vísa samtökin í 2. grein Barnasáttmálans sem kveður á um að tryggja skuli að barni sé ekki mismunað út frá stöðu eða athafna foreldra þess. Að því leyti telja Barnaheill brýnt að stuðla að því að allt nám barna að lestri undanskildum fari fram á skólatíma og ekki sé gerð sú krafa að foreldrar styðji við nám barna sinna. Þó foreldrar beri ábyrgð á að leiðbeina börnum sínum og fræða þau um réttindi sín eins og fram kemur í 5. grein Barnasáttmálans þá á það að mati samtakanna ekki við um skólastarf.

Barnaheill vilja taka fram að þegar veittar eru undanþágur frá skólasókn og þegar um heimakennslu er að ræða er mikilvægt að meta hvaða áhrif það hefur á félagsþroska viðkomandi barns. Ekki er nóg að mati samtakanna að sjá til þess að barn fái námsgögn og stundi sambærilegt nám og fram fer í skólum landsins því samvera og samskipti við jafnaldra er einnig mikilvægur hluti náms og þroska barna. Tryggja þarf að hvert barn hafi tækifæri til samvista við önnur börn. Á sama hátt er einnig mikilvægt að kanna ástæður þess í hverju máli fyrir sig að barn sé í heimakennslu.

Þá er að mati samtakanna brýnt að skoða í hverju tilfelli ef skólasókn barns er slök hvaða ástæður liggja að baki því. Barnaheill lýsa yfir ánægju með að skólaforðun sé sérstaklega ávörpuð í 16. kafla aðalnámskrár grunnskóla. Snemmtækur stuðningur við börn er gríðarlega mikilvægur og að mati samtakanna þarf að tryggja að skýrt verklag sé í grunnskólum um hvernig sá stuðningur fer fram. Til að vera vakandi fyrir einkennum skólaforðunar eins og nefnt er í kaflanum þarf bæði skólafólk og foreldrar að hafa þekkingu á einkennum svo hægt sé að bregðast strax við.



Sérstaklega er kveðið á um undanþágu frá skyldunámi sem skólastjóra er heimilt að veita eins og fram kemur í grunnskólalögum. Mikilvægt er að þetta svigrúm sé notað til að koma til móts við mismunandi aðstæður barna og ber því að fagna. Barnaheill vilja áréttta að þörf er á að endurskoða nám, kennsluaðferðir og kennsluviðmið í heild sinni í grunnskólum í takt við breyttar áskoranir í samfélaginu með það að leiðarljósi að koma á móts við þann fjölbreytta hóp barna sem er í íslenska skólakerfinu.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum.